



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
við afhendingu  
Íslensku bókmenntaverðlaunanna  
Bessastöðum  
29. janúar 2019**

Ágætu unnendur bóka,  
rithöfundar, útgefendur og skáld,  
aðrir góðir gestir,  
og áhorfendur nær og fjær

Verið öll velkomin til þessarar gleðistundar, senn verða Íslensku bókmenntaverðlaunin afhent hér á Bessastöðum. Búið er að nefna til sögunnar höfunda fimmtán verka í þremur flokkum, fagurbókmenntum, flokki fræðibóka og rita almenns efnis, og bókum fyrir börn og unglunga. Ég óska öllum, sem komu að gerð hinna tilnefndu verka, til hamingju með þann heiður.

Bækur eru góðar, bækur geta verið manns besti vinur. Eina lýsingu á þeim sannindum má finna í reynslusögu Garðars Sölva Helgasonar, litlu kveri sem kom út fyrir nokkrum árum og lýsir glímu hans við geðklofa. „Bækur!“ segir hann: „Ég er mjög þakklátur fyrir að hafa bækur í lífi mínu. Þær eru traustar og svíkja mann ekki. Þær bara eru þarna til að gefa og miðla og vilja ekkert til baka. Bækur eru og hafa alltaf verið góðir vinir mínir.“

Já, bækur geta verið besti vinur okkar, en þær eru líka ein meginstoð menningarsamfélaga. Í byrjun þessa árs tóku gildi ný lög um stuðning við útgáfu bóka. Í greinargerð með frumvarpinu segir svo: „Bókaútgáfa er ein af mikilvægustu stöðum íslenskrar menningar og er gildi hennar fyrir verndun og stuðning við íslenska tungu og eflingu læsis óumdeilt.“

Flest viljum við væntanlega efla og styrkja menningu og bókmenntir. Þessi lög eru að því leyti fagnaðarefni. Þau staðfesta að sú tíð er liðin sem Halldór Laxness lýsti fyrir nær hundrað árum, að það að ætla sér að vera og lifa sem

höfundur á Íslandi „sé einsog að vera stórkaupmaður og setja upp kontór á Holtavörðuheidi“.

Góðir áheyrendur: Við lifum í heimi síaukinna samskipta og tækniþróunar. Í þeim heimi þarf að efla og verja tungumál og menningararf, ekki bara fyrir okkur sjálf heldur komandi kynslóðir og raunar mannkyn allt. Við getum alveg haldið því fram að fornsögur okkar og sagnaarfur séu þungamiðjan í framlagi okkar til heimsmenningar, nú sem fyrr. „Tungumálið er einmitt það eina sem gerir okkur örlítið mikilvæga í Danmörku,“ skrifaði einn Íslendingur öðrum snemma á nítjándu öld. Um okkar daga njótum við Tolkiens og töfraheims hans í bókum og bíómyndum. Við njótum líka Krúnuleikanna (Game of Thrones) og Avengers-mynda og myndasagna, svo að nokkur nærtæk dæmi séu nefnd þar sem finna má tengingu við fornan sagna- og kvæðaarf okkar. Nánast á hverri síðu, í hverjum ramma, birtist norrænn sagnaarfur, heimur Eddukvæða, tröll, álfar og æsir sem við þekkjum úr okkar menningarheimi.

Að vísu er það gjarnan „Lóki“ sem fer með fals og flærð, ekki Loki, og brúin að Ásgarði er kölluð „Bæfrost“, ekki Bifröst. Við breytum ekki þessu, myndi ég ætla, enda snýst verndun og efling íslenskrar tungu ekki um slíkt eftirlit. Varðveisla og efling tungunnar snýst ekki heldur um boð og bönn sem hræða fólk frá því að tjá sig. Mér er minnisstæð frásögn Málfríðar Einarsdóttur í endurminningum hennar, Samastað í tilverunni. Á æskuheimili hennar var töluð hrein íslenska og forn: „Ég hef séð orðatiltæki hjá Snorra Sturlusyni sem fólk þetta viðhafði en ég hef hvergi heyrt eða séð annarstaðar,“ sagði Málfríður. En hitt var verra að í baðstofunni réðu ríkjum tveir gamlir bræður, „slíkir málvöndunar-yfirgangsseggir,“ rifjaði hún áfram upp, „að enginn af hinum yngri, síst stúlkurnar, þorði að mæla orð frá vörum af ótta við að verða sproksettur af þessum harðstjórum. Og þögðu því allir. Jafnvel rifrildið doðnaði út.“

„Doðnaði út“, skemmtilega að orði komist. Hvenær heyrir maður eða sér þannig tekið til orða nú orðið? Bara einu sinni í blöðum á þessari öld, að því er virðist – í tilvísun í þessa lýsingu Málfríðar.

Metnaði og málvernd þarf að fylgja víðsýni og umburðarlyndi. Tungumálið mun lifa í ræðu og riti, með ambögum og þágufallssýki og deildum meiningum um rétt og rangt (og ég veit að orðtakið „deildar meiningar“ er danskrar ættar). Tungumálið mun lifa í rappi og rokki, á vörum fólks sem flyst hingað og þarf aðstoð við að ná tókum á málinu af því að það langar til þess og skilur hversu mikilvægt það er að geta talað íslensku á Íslandi. Aneta Matuszewska er í hópi þeirra sem hafa unnið að því að efla kennslu í íslensku fyrir þá sem hingað flytja að utan: „Íslenskukunnátta opnar ótal dyr,“ sagði hún fyrir nokkru, „ekki bara þær að geta spjallað við íslenska vini sína yfir kaffi, heldur fær fólk tækifæri til þess að nota menntun sína, miðla af þeirri reynslu sem það býr yfir og hugmyndum sínum og á betri möguleika á því að láta drauma sína rætast.“

Já, kærur vinur, svona mun tungumálið lifa af því að við munum hlúa að því og leyfa því að þróast áfram og blómstra. – Og tungumálið mun lifa í bókunum sem við gefum út og lesum. Við munum ekki láta það doðna út.